

1874.

28. febrúar.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk handa jarðyrkjumanni.

Í bréfi, dagsettu 2. dag desbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, farið fram á, að stjórnarráðið hlutist til um, að hið konunglega landbústjórnarfélag veiti nú, einsog á árinu sem leið, 100 rd. styrk til launa handa jarðyrkjumanni Sveini Sveinsyni, fyrir að ferðast um Ísland og segja mönnum þar til í jarðyrkju.

Eftir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við hið konunglega danska landbústjórnarfélag, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að tæð félag hefir enn fyrir þetta ár ályktað að veita 100 rd. styrk til þess, sem getið var, og veitum vèr yður vald til, að láta borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, svo sem útgjald fyrir hönd aðalféhirzlunnar hèr í borginni.

Jafnframt þessu leiðum vèr eigi hjá oss, í tilefni af bréfi yðar, dagsettu 4. desbrm. f. á., að gefa yður til vitundar, að félagið hefir tilkynnt stjórnarráðinu, að enn hafi eigi heppnast að fá mann, sem væri fallinn til þess hann yrði sendur til Íslands, til þess að standa fyrir vatnsveitingum í suðurumdæminu, en öll von væri ekki úti um að það mætti takast.

28. febrúar.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnmálefni Íslands.

Það skal hërmeð tilkynnt Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt felaginu 150 rd. styrk til að gefa út »Tíðindi um stjórnmálefni Íslands« og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greiðt fèhirði